


LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2018-2019

ÁRSREIKNINGUR 2018



Stjórn Landgræðslusjóðs

Guðbrandur Brynjúlfsson lét af störfum sem stjórnarformaður sjóðsins en hefur gegnt því starfi í um 10 ár. Hann hefur unnið mjög gott starf og haldið eins vel utan um sjóðinn og hægt var en þetta voru víðsjárverðir tímar í fjármálum landsmanna sem við erum enn þá að bíta úr nálinni með. Guðbrandur heldur enn þá utan um minningarsjóð Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson og þekkir mál sjóðsins betur en nokkur annar. Hefur hann verið óspar á upplýsingar og ráðgjöf til okkar sem eftir sitjum. Vil ég þakka honum sérstaklega fyrir það.

Eftir breytingarnar á skipulagsskrá sjóðsins í fyrra voru Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands (SÍ) og Þuríður Yngvadóttir varaformaður skipuð af stjórn SÍ í stjórn Landgræðslusjóðs, Lydia Rafnsdóttir var kosin af aðalfundinum til eins árs og Jens Benedikt Baldursson til vara. Einnig eru í stjórninni Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Í upphafi ársins á fyrsta fundi stjórnar skipti hún svo með sér verkum og var Þuríður Yngvadóttir skipuð stjórnarformaður, Þröstur Eysteinnsson varaformaður og Árni Bragason ritari. Starfsmenn SÍ hafa svo aðstoðað við ýmis mál.

Ársreikningur

Helstu lykiltölur úr ársreikningi fyrir árið 2018 eru þær að rekstrartekjur voru kr. 1,3 millj. og rekstrargjöld kr. 13,5 millj. Þar af voru útgreiddir styrkir 9,8 millj. kr., sem skiptist þannig að styrkir samkvæmt skipulagsskrá voru um 9,9 millj. kr. og af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson um 750 þúsund. Viðhald og rekstur fasteigna kostaði 957 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður var 1,9 millj. kr., sami og árið áður. Fjármunatekjur umfram fjármunagjöld voru 3,7 millj. kr. og rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 8,5 millj. kr. Ávöxtun fjármagnsins í bankanum segir þar allt. Eignir Landgræðslusjóðs í árslok 2018 voru kr. 376,9 millj. og skuldir 221 þús. Eigið fé sjóðsins lækkaði um 1 millj. kr. frá árinu áður.

Tekjur Fræbanka Landgræðslusjóðs voru fjármagnstekjur að fjárhæð kr. 235 þús. og eign í árslok kr. 4,9 millj. Engar fjárveitingar voru úr Fræbankanum á árinu. Ársreikningur sjóðsins fylgir með fundargögnum þessa aðalfundar og vísast til hans varðandi ýtarlegri upplýsingar um fjármál sjóðsins.

Ávöxtun fjármuna

Fjármunir Landgræðslusjóðs eru nær allir í eignastýringu hjá Arionbanka eins og mörg undanfarin ár. Á síðasta ári var ávöxtun neikvæð en þetta árið lítur hún betur út. Í dag er raunávöxtunin rúmlega 7,57 %, en þetta getur þó alltaf breyst en við vonum hið besta. Þegar að ljóst var að ávöxtunin var neikvæð voru send út skilaboð

til formanna strax eftir áramót, menn voru samt lengi að átta sig á alvarleika málsins og leiðinlegt að brjóta niður vonir fólks um verk sumarsins með styrk frá sjóðnum. Stjórnin hefur því ákveðið að koma á fót jöfnunarsjóði sem greitt verður í þau ár sem ávöxtun er góð og hægt verður að nota í mögnum árum.

Minningarsjóður

Á yfirstandandi ári var úthlutað kr. 3,88 millj. úr Minningarsjóði Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson til tveggja rannsóknarverkefna. Jón Guðmundsson fékk styrk vegna verkefnisins „Rannsókn á áburðarvirkni belgjurta í skógrækt“. Er þetta í þriðja sinn sem Jón fær styrk vegna þessa verkefnis. Skógræktin fékk styrk vegna verkefnisins „Samræktun alaskaaspar og alaskalúpínu til framleiðslu iðnviðar og bindingu kolefnis“. Hreinn Óskarsson er verkefnisstjóri þessa rannsóknarverkefnis og hefur það fengið styrk tvívegis áður. Samkvæmt skipulagsskrá Minningarsjóðsins er honum ætlað að starfa í tíu ár og er árið 2019 níunda starfsár hans.

Jarðir

Landgræðslusjóður á tvær jarðir, Langabotn í Geirþjófsfirði og Inngunnarstaði í Brynjudal. Illfært er til Langabotns og höfum við reynt að skipta jörðinni út fyrir aðra vænlegri en ekki tekist. Engin ávöxtun er á eignarhaldi þessarar jarðar. Hugmyndir eru um friðlýsingu fjarðarins en engar niðurstöður eru komnar í það mál enn þá. Ingunnarstaðir í Brynjudal er nýtt af SÍ og nokkrum skógræktarfélögum í nágrenni höfuðborgarinnar til skógræktar og er jörðin í ábúð. Þar er laxveiðiá sem gefur nokkrar tekjur. Brynjudalurinn er fallegur dalur innst inni í Hvalfirði og mæli ég með því að þið fáið ykkur sunnudagsbíltúr þangað inn eftir og skoða skógræktina sem þar vex vel.

Lokaorð

Ég vil þakka öllum þeim sem áttu samskipti við sjóðinn á árinu, þá séstaklega Skógræktinni og Landgræðslunni, skógræktarfélögunum og SÍ og þá sérstaklega starfsmönnum SÍ sem hafa stutt dyggilega við bakið á nýjum formanni. Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2019 óska ég velfarnaðar.

Þuríður Yngvadóttir

Landgræðslusjóður

Ársreikningur 2018

Landgræðslusjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík
kt. 710169-1609
Númer í sjóðskrá 1401

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Fylgiskjal nr. 1	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Landgræðslusjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landgræðslusjóðs. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
 - Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.
- Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Garðabæ, 24. ágúst 2019

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2018

Tap varð af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu að fjárhæð 8,5 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 376,7 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.





Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á eigin fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Landgræðslusjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2019

Stjórn:

 Þuríður Yngvadóttir	kt. 110652-4459	Reykjum 5, 271 Mosfellsbær
 Þóster Eysteinnsson	kt. 230855-5019	Höfða, 701 Egilsstaðir
 Lydía Rafnsdóttir	kt. 291160-2129	Eiríksbúð, 356 Snæfellsbæ
 Arni Bragason	kt. 150753-4229	Gunnarsholti, 851 Hella
 Jónatan Garðarsson	kt. 080255-4469	Lóuási 2, 221 Hafnarfirði

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrartekjur			
Styrkir og gjafir		42.500	14.500
Húsaleigutekjur		983.058	881.306
Tekjur af eignarhlutum		262.500	189.000
Bóksala		22.516	700.000
		<u>1.310.574</u>	<u>1.784.806</u>
Rekstrargjöld			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		9.865.000	5.820.408
Aðrar styrkveitingar		750.000	3.340.379
Kostnaður vegna fasteigna	5	957.525	1.759.197
Annar kostnaður	6	1.916.311	1.895.577
		<u>13.488.836</u>	<u>12.815.561</u>
Tap ársins fyrir fjármagnsliði		<u>(12.178.262)</u>	<u>(11.030.755)</u>
Fjármagnsliðir			
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		13.272.427	7.421.192
Breyting á gengi hlutabréfa		(4.143.647)	991.448
Breyting á gengi verðbréfa		(2.930.731)	11.011.098
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(13.424)	(15.619)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(2.475.741)	(1.557.966)
		<u>3.708.884</u>	<u>17.850.153</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(8.469.378)</u>	<u>6.819.398</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir	2,7,8	49.890.500	39.312.750
		<u>49.890.500</u>	<u>39.312.750</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	9	46.085.188	42.439.421
Verðbréfaeign	9	277.229.118	293.890.958
		<u>323.314.306</u>	<u>336.330.379</u>
Fastafjármunir samtals		<u>373.204.806</u>	<u>375.643.129</u>
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur		3.406.017	2.541.322
Handbært fé		317.014	306.417
		<u>3.723.031</u>	<u>2.847.739</u>
Eignir samtals		<u>376.927.837</u>	<u>378.490.868</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr	2018	2017
Eigið fé	10		
Eiginfjárreikningur		376.706.410	377.887.038
		<u>376.706.410</u>	<u>377.887.038</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		221.427	603.830
		<u>221.427</u>	<u>603.830</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>376.927.837</u>	<u>378.490.868</u>

Skuldbindingar utan efnahags 12,13

Sjóðstreymi 31. desember 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	10	(8.469.378)	6.819.398
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		7.074.378	(12.002.546)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>(1.395.000)</u>	<u>(5.183.148)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(864.695)	(483.800)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		(382.403)	(99.678)
		<u>(1.247.098)</u>	<u>(583.478)</u>
Handbært fé frá rekstri		(2.642.098)	(5.766.626)
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf breyting		5.941.695	2.299.491
Fjárfesting í fastafjármunum		(3.289.000)	0
		<u>2.652.695</u>	<u>2.299.491</u>
Breyting á handbæru fé		10.597	(3.467.135)
Handbært fé í byrjun tímabils	5	306.417	3.773.552
Handbært fé í árslok		<u>317.014</u>	<u>306.417</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfacign

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig

	2018	2017
Viðhald og rekstur húsnæðis	355.417	1.199.348
Fasteignagjöld	572.081	532.092
Tryggingar	30.027	27.757
	<u>957.525</u>	<u>1.759.197</u>

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig

	2018	2017
Laun	500.000	400.000
Launatengd gjöld	34.250	79.831
Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur	47.295	27.092
Ökutækjastyrkur	59.400	129.800
Eignastýringar- og fjárvörsluþóknun	610.855	558.402
Aðkeypt þjónusta	624.541	526.932
Annar kostnaður	39.970	173.520
	<u>1.916.311</u>	<u>1.895.577</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat ársins 2018 greinist þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísarkot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.	24.175.000	8.895.750	6.242.000	39.312.750
Keypt á árinu		3.289.000		3.289.000
Breyting fasteignamats	2.425.000	3.484.750	1.379.000	7.288.750
Kostnaðarverð 31.12.	<u>26.600.000</u>	<u>15.669.500</u>	<u>7.621.000</u>	<u>49.890.500</u>

8. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 40,9 millj. kr., hlunninda 1,6 millj. kr. og lóða 7,4 millj. kr. í árslok 2018. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 68,1 millj. kr.

Skýringar

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:	2018	2017
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	33.531.797	34.792.188
Skráð verðbréf	243.697.321	259.098.770
Verðbréfaeign samtals 31.12.	<u>277.229.118</u>	<u>293.890.958</u>
Innlend hlutabréf	35.463.420	42.439.421
Erlend hlutabréf	10.621.768	0
Hlutabréf samtals 31.12.	<u>46.085.188</u>	<u>42.439.421</u>

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning	2018	2017
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	377.887.038	367.523.890
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	7.288.750	3.543.750
Rekstramiðurstaða ársins (neikvæð)	(8.469.378)	6.819.398
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>376.706.410</u>	<u>377.887.038</u>

11. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

12. Skuldbinding vegna fjármagnstekna

Skuldbinding vegna fjármagnstekna myndast vegna þess að verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði en fjármagnstekjuskattur greiðist við innlausn verðbréfa sem 22% af mismun söluverðs og stofnverðs. Skuldbindingin nam samtals 16,8 millj. kr. í árslok 2018.

13. Skuldbindingar utan efnahags - styrkloforð

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 6,1 millj. kr. í árslok 2018. Stefna Landgræðslusjóðs er að færa til gjalda styrki þegar þeir eru greiddir vegna óvissu um hvort styrkþegi komi til með að nýta sér þá. Styrkirnir verða verða því gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað.

14. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2018. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans um 4,9 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Fræbanki Landgræðslusjóðs

Fylgiskjal nr. 1

Rekstrarreikningur ársins 2018

	2018	2017
Úthlutanir		
Úthlutun úr Fræbanka	(400.000)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur	76.889	3.185
Breyting á gengi sjóða	73.536	241.744
Eignastýringarþóknun	(8.919)	(10.108)
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(16.902)	(630)
	<u>124.604</u>	<u>234.191</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>(275.396)</u>	<u>234.191</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	2018	2017
Verðbréfaeign	4.834.941	5.103.583
Bankainnistæður	<u>74.373</u>	<u>81.127</u>
Eignir samtals	<u>4.909.314</u>	<u>5.184.710</u>
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	5.184.710	4.950.519
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>(275.396)</u>	<u>234.191</u>
Eigið fé samtals	<u>4.909.314</u>	<u>5.184.710</u>